

Komi upp grunur um alvarlega dýrasjúkdóma í fiskeldi þarf að bregðast hratt og örugglega við. Tilkynning um slíkan grun skal berast sérgreinadýralækni fisksjúkdóma. Ef tilkynning kemur ekki beint til sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma skal sá sem tekur við tilkynningunni koma upplýsingum strax til réttis aðila.

Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma er fyrirliði VIÐ-teymisins og sér um að kalla aðra sem í teyminu er saman.

Í VIÐ- teymi eru auk sérgreinadýralæknis fisksjúkdóma, yfirdýralæknir og sérgreinadýralæknir faraldsfræði.

Ýtarlega er fjallað um hlutverk og viðbrögð VIÐ-teymis í Viðbragðsáætlun vegna alvarlegra dýrasjúkdóma.

Hér fyrir neðan er að finna fyrstu skref sem VIÐ-teymið grípur til komi upp grunur um alvarlega dýrasjúkdóma í fiskeldi.

Tilkynning berst

- ☐ Tilkynning berst til fyrirliða VIÐ-teymis sem er Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma
- ☐ Fyrirliði stofnar mál í málakerfi með málasniðmáti „grunur um alvarlegan smitsjúkdóm í fiskeldisstöð“ málalykill 4.11.2.
- ☐ Fyrirliði VIÐ-teymis setur sig í samband við rannsóknastöð HÍ á Keldum.

Boðun og virkjun (kaflí 4 í viðbragðsáætlun).

- ☐ Fyrirliði kallar VIÐ-teymið saman auk þjónustudýralæknis fyrirtækis og fisksjúkdómanefndar.
- ☐ Teymið kemur upplýsingum um fyrstu viðbrögð til rekstrarleyfishafa og/eða þjónustudýralæknis fyrirtækis.

Fyrstu viðbrögð (kaflí 6.1 í viðbragðsáætlun)

- ☐ VIÐ-teymið leggur mat á hversu skjót viðbrögð þurfa að vera með tilliti til alvarleika sjúkdóms.
- ☐ Fyrirliði teymis tryggir að viðeigandi fyrirmælum um hver fyrstu viðbrögð skulu vera hafi verið komið til rekstrarleyfishafa.

Nánari fyrirmæli/sóttvarnir (kaflí 6.6. í viðbragðsáætlun)

- ☐ VIÐ-teymið gefur nánari fyrirmæli um sóttvarnir til viðkomandi aðila sbr. Viðbragðsáætlun.
- ☐ Sé tekin ákvörðun um slátrun eða förgun er kallað eftir áætlun frá viðkomandi fyrirtæki.
- ☐ Áætlun um slátrun eða förgun samþykkt teljist hún fullnægjandi.

Nauðsynlegar varúðarráðstafanir (kaflí 6.2 í viðbragðsáætlun)

- ☐ VIÐ-teymið tekur ákvörðun um tillögu að nauðsynlegum varúðarráðstöfunum samkvæmt viðbragðsáætlun.
- ☐ Skilgreina takmörkunarsvæði í kortasjá sé þess þörf.

Mat á innviðum (kaflí 6.3. í viðbragðsáætlun)

- ☐ VIÐ-teymið metur þörf á mannskap til að sinna þeim aðgerðum sem teymið telur nauðsynlegt að fara í
- ☐ VIÐ-teymið metur þörf á búnaði sem þarf að vera tiltækur til að framfylgja þeim aðgerðum sem taldar eru nauðsynlegar.
- ☐ Við-teymið tryggir að bæði nægur mannskapur og búnaður sé til staðar hjá fyrirtækinu til að framfylgja þeim fyrirmælum sem teymið gefur.

Rannsóknir (kaflí 6.4 í viðbragðsáætlun)

- ☐ VIÐ-teymið ákveður í samráði við Keldur hvernig sýni skulu tekin.

Faraldsfræði (kaflí 6.4.2 í viðbragðsáætlun)

- ☐ VIÐ-teymið framkvæmir faraldsfræðilega rannsókn samkvæmt viðbragðsáætlun.

Áframhaldandi sóttvarnir

- ☐ VIÐ-teymið tekur ákvörðun um hvaða sóttvörnum rekstarleyfishafi skuli beita.
- ☐ Fiskeldisdeild hefur eftirlit með sóttvörnum
- ☐ VIÐ-teymið óskar eftir áætlun um förgun aukaafurða þegar um alvarlega sjúkdóma er að ræða.
- ☐ VIÐ-teymið samþykkir eða hafnar áætlun um förgun aukafaurða.

Upplýsingaáætlun (kaflí 6.9. og 6.10 í viðbragðsáætlun)

- ☐ Mál er stofnað í ONE með málalykli 4.19. þar sem öll gögn máls eru vistuð.
- ☐ VIÐ-teymið sér um að miðla upplýsingum til þeirra sem málið varðar.
- ☐ VIÐ-teymið skal tryggja að allir sem að málinu koma séu upplýstir reglulega um gang mála.
- ☐ VIÐ-teymið sér um allar fréttir og tilkynningar er viðkoma málinu

☐ VIÐ-teymið sér um að halda reglulega fundi og skrifa fundargerð í lok þeirra ásamt því að gera loka skýrslu um málið

Aflétting

☐ Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma afléttir höftum með skriflegri tilkynningu þegar sannreynt er að uppræting viðkomandi sjúkdóms hafi tekist.

☐ Sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma lokar málinu.